

Skipulagsstofnun

Laugavegi 166
150 Reykjavík



www.landskipulag.is

Reykjavík 12. febrúar 2015

Efni: Umsögn um tillögu að Landsskipulagsstefnu 2015-2026 sem nú er til kynningar.

Á stjórnarfundi Vistbyggðarráðs þann 11. febrúar var farið yfir tillögu að Landsskipulagsstefnu 2015-2026 og hún rædd. Stjórn lýsir yfir ánægju með framlagða tillögu og þau meginmarkmið sem þar er unnið með eða aukna áherslu á sjálfbærni og vistvænt skipulag, einkum í þéttbýli. Hugtök eins og sjálfbær þróun, sveigjanleiki, og aukin lífsgæði eru vissulega meðal lykilhugtaka þegar fjallað er um vistvænt skipulag og fögnum við þeirri áherslu sem lögð er á þessa þætti. Þá er aukin áhersla á náttúru- og minjavernd af hinu góða og hvetur til varfærinnar nálguna í allri skipulagsgerð og framkvæmdum sem fellur vel að aðferðarfræði vistvæns skipulags þar sem reynt er að lágmarka rask og almenn umhverfisáhrif mannvirkja og vinna með staðbundin sérkenni hvort sem um er að ræða ósnortna náttúru eða menningararf.

Í þessari umsögn er sérstaklega horft til kaflans um búsetumynstur og dreifingu byggðar enda hefur Vistbyggðarráð undanfarin misseri verið að vinna að eflingu vistvæns skipulags í þéttbýli, en í minna mæli horft til dreifðari byggða. Í kaflanum um þróun byggðar í þéttbýli er mikil áhersla á almenn umhverfisgæði og heilsueflandi þætti í hinu byggða umhverfi, sem getur haft mjög jákvæð áhrif á samfélagið og aukið almenna hagsæld.

Sett eru fram almenn ákvæði í stefnunni um að „*haft [verði] að leiðarljósi að þetta byggð og blanda atvinnustarfsemi, verslun og þjónustu og tengja hana íbúðarbyggð í þágu sjálfbærni daglegs lífs og aukinna lífsgæða.*“ Þessi ákvæði falla vel að markmiðum um vistvænt skipulag og verða vonandi til þess að auka gæði hins byggða umhverfis og draga úr þörf fyrir ferðir innan þéttbýlis. Þessi áhersla er sett fram á nokkuð afgerandi hátt í kafla 3.3.1 sem er afar jákvætt og mun vonandi hafa áhrif á þróun og áherslu í skipulagsvinnu sveitarfélaga á landsvísu.

Áhersla á sjálfbærar og virkar samgöngur fellur jafnframt vel að markmiðum í starfi Vistbyggðarráðs, sem og hagkvæm uppbygging húsnæðis með innbyggðum sveigjanleika með það að markmiði að auka félagslega fjölbreytin og stöðugleika skipulagsheilda og þar með gæði manngerðs umhverfis.

Í stefnunni er á hófsaman og fjölbreyttan hátt tekist á við eina helstu áskorun sem nútíma samfélög standa frammi fyrir á sviði umhverfismála. Einnig eru sett fram markmið og leiðir sem nýst geta sveitarfélögum við skipulagsgerð, einkum hvað varðar náttúruvá og mögulegar afleiðingar loftlagsbreytinga. Þó hefið mátt setja fram enn skýrari ákvæði um aðgerðir til að draga úr áhrifum losunar gróðurhúsalofttegunda með beinum aðgerðum í samræmi við stefnumörkun stjórnvalda í loftlagsmálum 2007-2050. Í þeirri skýrslu kemur það til að mynda fram að útstreymi iðnaðar- og

byggingarstarfsemi árið 2004 hafi verið 35%. (Umhverfisráðuneytið 2007). Þrátt fyrir að vilji sé fyrir hendi þá verður það að teljast ólíklegt að minni sveitarfélög hafi frumkvæði að beinum og afgerandi aðgerðum á þessum sviði ef ekki er sett fram mjög skýr stefnumörkun að hálfu ríkisvaldsins.

Stjórn Vistbyggðarráðs lýsir að lokum yfir ánægju með samráðsferli við mótun landsskipulagsstefnu þrátt fyrir afar stuttan tíma sem ætlað var í þetta viðamikla verkefni. Þá eru vænleg þau markmið sem sett eru fram um markvissa skráningu (kortlagningu) og samræmingu upplýsinga um skipulag, mannvirki og ýmis konar þjónustu á landinu öllu.

Að lokum vill Vistbyggðarráð þakka fyrir boð um þátttöku í undirbúningsvinnu, s.s. með aðkomu fulltrúa í samráðs – og ráðgjafahóp. Það er vonandi að þau meginmarkmið og áherslur sem settar eru fram í tillögu að Landsskipulagsstefnu 2015-2025 verði ekki aðeins til þess að efla samstarf og samræmi í skipulagsgerð á Íslandi á næstu árum og áratugum, heldur muni einnig verða til þess að auka almennan skilning á breyttum aðstæðum einkum hvað varðar loftslagsmál og hugmyndum um vistvænt skipulag og möguleikum til þess að hafa jákvæð áhrif á nærumhverfið með beinum aðgerðum. Þannig er hægt að efla sóknarfæri einstakra landshluta og einstakra skipulagsheilda á landinu öllu með umhverfismarkmið að leiðarljósi.

Sigríður Björk Jónsdóttir

Framkvæmdastýra



*Samstarfsvettvangur um vistvæna þróun
manngerðs umhverfis á Íslandi*

Ofanleiti 2, 5.hæð, 103 Reykjavík

Sími: 5712700 / Gsm: 8403838

vbr@vbr.is / www.vbr.is